

STARFSSKÝRSLA 2004
SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
FEBRÚAR 2005



(Mynd: Róbert A. Stefánsson)

Frá Bjarneyjum á Breiðafirði

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd áður nefndra laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín. Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi. Samfara lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, sem tóku gildi 1. janúar 2003, voru gerðar breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og stjórnsluverkefni Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna sem fela í sér að stjórnvaldsákvarðanir eru nú hjá Umhverfisstofnun.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfistáðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Á miðju ári rann út starfstími Breiðafjarðarnefndar sem skipuð var 9. júní 2000 og ný skipuð þann 6. júlí 2004.

Á fyrri hluta ársins starfaði Breiðafjarðarnefnd sem skipuð var með bréfi, dags. 9. júní 2000 en í henni sátu eftirtaldir fulltrúar:

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurason, bóndi.
- Jóhannes G. Gíslason, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Þorsteinn Jónsson, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Ævar Petersen, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur.

Frá og með 6. júlí 2004 tók ný Breiðafjarðarnefnd til starfa og er starfstími hennar til næstu fjögurra ára. Breiðafjarðarnefnd er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum samkvæmt skipunarbréfi dags. 6. júlí 2004.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Nanna Jónsdóttir, Efri-Rauðsdal.

- Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Jóhannes Gíslason, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Snæbjörg Bjartmars, Fremri-Hundadal.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vestfjörðum og Vesturlandi, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elisdóttir.

Störf nefndarinnar

Breiðafjarðarnefnd hélt tíu nefndarfundi á árinu 2004 og voru fimm haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

48. fundur var haldinn í Grundarfirði. Að honum loknum fundaði nefndin óformlega með bæjarstjóra og nokkrum fulltrúum bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar.

49. fundur var haldinn í Búðardal. Líkt og í Grundarfirði ræddi nefndin óformlega við sveitarstjóra Dalabyggðar að fundi loknum.

50. fundur var haldinn í Umhverfisstofnun í Reykjavík, þar sem Sverrir Jakobsson kom til fundarins og gerði grein fyrir áhuga sínum á því að skrifa sögu Breiðafjarðar.

53. fundur var haldinn í Bjarkalundi, en nefndarmenn höfðu þá farið í vettvangsferð fyrir strandir.

55. fundur var haldinn í Reykjavík, en þar mættu Rögnvaldur Guðmundsson verkefnisstjóri Evrópuverkefnis um strandmenningu og ferðaþjónustu og Jónína Hafsteinsdóttir frá Örnefnastofnun.

Auk nefndarfundanna funduðu Ásgeir Gunnar, Róbert Arnar og Magnús þann 23. ágúst með Erni Ingólfssyni forstjóra Loftmynda ehf., þar sem rætt var innihald samnings vegna kaupa á loftmyndum til örnefnaskráninga. Einnig átti formaður óformlega fundi með Ingimar Sigurðssyni skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu og Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra.

Nefndarmenn telja mjög mikilvægt að heimsækja öll bæjar- og sveitarfélög sem eiga land á verndarsvæði Breiðafjarðar og ræða við fulltrúa þeirra. Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2004 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 6,9 millj. kr. til ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin 6,7 millj. kr. á fjárlögum. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar jákvæð um 1,3 millj. kr., en þeim fjármunum hafði þegar verið ráðstafað í kynningarbækling um Breiðafjörð sem unninn var á árinu. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útlagðan kostnað nefndarinnar árið 2004.

Útlagður kostnaður Breiðafjarðarnefndar árið 2004:

Heiti		fjárhæð
Ráðstafað í kynningarbækling á árinu 2003 (ógr. um áramót)	1.356.687	
Fjárheimild ársins 2004	6.900.000	
Jákvæður mismunur skv. Ríkisbókhaldi í árslok 2004	130.815	
Ráðstafað í endurútgáfu verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð og samstarfsverkefni um örnefnaskráningar (Ógr. um áramót)		2.500.000
Aukagreiðslur (nefndarlaun 2003)		693.449
Launatengd gjöld (v. nefndarlauna 2003)		113.285
Fundir námskeið og risna (veitingar á fundum)		131.915
Ferða og dvalarkostnaður erlendis		93.023
Dagpeningar innanlands		521.008
Akstur		1.274.665
Önnur sérfræðiþjónusta (Loftmyndir+bæklingur um Brfj.+ lógó)		1.596.236
NSV vegna samnings, póstb.gjöld og prentun árssk.		1.370.352
Skrifstofuvörur og áhöld (pappír ofl. v. ársskýrslu)		17.888
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta (vistun heimasíðu)		42.495
Sími og ýmis leigugjöld (vistun heimasíðu)		2.140
	8.387.502	8.356.456
mismunur		31.046
	8.387.502	8.387.502

Eins og fyrr var heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2004 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega mikill ferðakostnaður. Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2003.

Starfsemi á árinu 2004

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Síð Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjarðarsvæðið en gildistími áætlunarinnar var 2000 – 2004. Í verndaráætluninni voru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun og vöktun sem er liður í því að unnt verði að standa við markmið friðlýsingarinnar. Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Var því rætt á fundum nefndarinnar að verndaráætlunin verði gefin út til næstu 10 ára í stað 5. Einnig töldu nefndarmenn rétt að endurskoða uppsetningu hennar. Guðríður Þorvarðardóttir hefur tekið að sér að uppfæra verndaráætlunina í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands.

Árið 2004 var nokkuð fjármagn til framkvæmda, sem skilaði sér í skýrslum og bæklingi sem unnin voru í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vesturlands. Einnig var gerður samningur við Örnefnastofnun Íslands og Loftmyndir ehf. um samstarf við örnefnaskráningar. Mikilvægt er að nefndinni og samstarfsaðilum hennar verði tryggt nægjanlegt fjármagn til þess að unnt verði að afla nauðsynlegra gagna og tryggja þannig verndun og sjálfbæra nýtingu á Breiðafjarðarsvæðinu.

Á árinu fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í *viðauka I*. Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í *viðauka II*.

- Vestfjarðavegur nr. 60 Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi
- Gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð
- Heimildaskrá um menningarminjar á verndarsvæði Breiðafjarðar
- Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja
- Örnefnaskráningar
- Undirbúningsvinna vegna skipulags á Breiðafirði
- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum
- Sjóvarnir við Framnes-Torfabót og við Grundargötu, Grundarfirði, Eyrarsveit
- Vinnureglur við afgreiðslu mála
- Samstarf við Sverri Jakobsson varðandi skráningu á sögu Breiðafjarðar
- Neyðarskýli í Garpsdalsey
- Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði
- Hugmynd um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Workshop on the Development and Management of Marine Protected Areas

Breiðafjarðarnefnd taldi að gagnlegt væri að fulltrúi á hennar vegum sækti ofangreinda ráðstefnu og fékk Guðríði Þorvarðardóttur varaformann til þess. Ráðstefnan var haldin í Finnlandi dagana 8. til 15. maí 2004. Á ráðstefnunni var m.a. farið yfir stöðu verndarsvæða í hafi og framtíðarstefnu. Sérstaklega var farið yfir stöðu einstakra svæða eins og t.d. Great Barrier Reef í Ástralíu og kynntar reglur sem þar gilda svo sem er varða veiðar og umferð ferðamanna, uppbyggingu á svæðinu og jaðarsvæðum þess. Sérstök áhersla var lögð á umfjöllun um sjálfbæra nýtingu og verndun og vöktun tegunda sem viðkomandi svæði ber ábyrgð á, sama hvort um tegund á valista var að ræða eða tegundin var einkennandi fyrir svæðið. Fulltrúar frá Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN) söfnuðu saman niðurstöðum einstakra faghópa, en ætlunin er að nýta niðurstöður og umræðupunkta við stefnumörkun fyrir verndarsvæði í hafi.

Skráning heimilda um menningarminjar á jörðum á og við verndarsvæði Breiðafjarðar

Þann 15. september 2003 var undirritaður samstarfssamningur á milli Breiðafjarðarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins varðandi skráningu heimilda um menningarminjar á jörðum á og við verndarsvæði Breiðafjarðar.

Fornleifavernd ríkisins réð Benedikt Eypórssón til að vinna verkið og skilaði hann í febrúar 2004 myndarlegri heimildaskrá sem hann kallaði ”Breiðafjarðarbyggðir – Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins”. Skrána er hægt að sækja á heimasíðu nefndarinnar www.breidafjordur.is.

Kynningarbæklingur um Breiðafjörð og merki Breiðafjarðarnefndar

Þann 16. febrúar 2004 undirrituðu formaður Breiðafjarðarnefndar og forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands samstarfssamning um gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð. Bæklingurinn var svo gefinn út í maí í 10 þúsund eintökum á íslensku og ensku og ber heitið ”Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Bæklingurinn fékk mjög góðar viðtökur, en honum var dreift inn á hvert heimili sveitarfélaganna við Breiðafjörð og var sendur öllum helstu ferðapjónustuaðilum á svæðinu.

Þann 6. maí 2004 var undirritaður af sömu aðilum samningur um hönnun merkis (lógós) fyrir Breiðafjarðarnefnd. Merkið, sem er toppskarfur á skeri með Klakkeyjar í bakgrunni og sjá má á forsiðu skýrslunnar, var hannað af Menju von Schmalensee eftir tillögum nefndarmanna.

Tilraunaverkefni um örnefnaskráningar

Mikill áhugi er meðal nefndarmanna fyrir því að varðveita þau ótal mörgu örnefni sem þekkt eru á jörðum við Breiðafjörð og eru nú smátt og smátt að glatast. Kunnugir heimildarmenn virðast mjög viljugir að leggja fram vinnu sína og var því ákveðið að gera tilraun með örnefnaskráningar inn á loftmyndir. Útveguð var loftmynd af Dröngum á Skógarströnd og var Ólafur Guðmundsson, sem fæddur er þar og uppallinn, fenginn til að skrá örnefnin inn á myndina. Verkefnið tókst mjög vel í alla staði og eru gögnin nú vistuð á tölvutæku formi.

Samstarfssamningur um skráningu örnefna á jörðum sem liggja á eða við verndarsvæði Breiðafjarðar

Þann 16. október 2004 var undirritaður samningur milli Breiðafjarðarnefndar, Loftmynda ehf. og Örnefnastofnunar Íslands varðandi skráningu örnefna á jörðum sem liggja á eða við verndarsvæði Breiðafjarðar. Í árslok keypti Breiðafjarðarnefnd loftmyndir af Múlasveit og Gufudalssveit (Reykhólahreppi) samkvæmt samningnum. Nefndarmenn forgangsröðuðu jörðum og öfluðu upplýsinga um heimildarmenn. Guðríður útbjó verklagsreglur í samráði við Jónínu Hafsteinsdóttur hjá Örnefnastofnun, en ákveðið var á síðasta fundi ársins að Jónína ræddi við heimildarmenn og skráði örnefni inn á myndir af jörðum í fyrrgreindum sveitum. Verkefnið nær út fyrir mörk verndarsvæðisins en það er mat nefndarmanna og í samræmi við ráðstefnu um þjóðgarða og friðlýst svæði (“World Parks Congress”), sem haldin var í Durban í Suður-Afríku haustið 2004 með yfirskriftinni: “Ávinningur út fyrir mörk”. Varðandi stjórnun verndarsvæða voru eftirfarandi bókanir gerðar á fundinum:

- Lykillinn að árangursríkri náttúruvernd og öflugum verndarsvæðum er að þau séu ekki einangraðar eyjar, heldur hluti af heild.

- Leggja skal áherslu á vistfræðileg- og menningarleg tengsl svæðanna við nánasta umhverfi sitt til að tryggja vernd til lengri framtíðar.

Skipulagsmál

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt á það áherslu að verndarsvæðið verði skipulagt sem ein heild en ekki sem kafli í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga við Breiðafjörð. Í verndaráætlun er gert ráð fyrir sérstöku skipulagi fyrir Breiðafjarðarsvæðið, þar sem verndarsvæðið nær til margra sveitarfélaga. Við rökstuðning fyrir sérstöku skipulagi hefur verið horft til svæðisskipulags miðhálandisins. Þar sem nefndin telur brýnt að komið verði af stað undirbúningsvinnu við skipulagsgerð fyrir verndarsvæðið, hóf nefndin undirbúning á árinu 2002 sem var framhaldið árin 2003 og 2004. Þann 17. desember 2003 sendi Breiðafjarðarnefnd sveitarfélögunum átta við Breiðafjörð erindi og varpaði fram þeirri hugmynd að nefndin, í umboði sveitarfélaganna og með samþykki Skipulagsstofnunar, leitaði til skipulagshönnuðar um að gera í einu lagi drög að aðalskipulagi fyrir allt verndarsvæðið. Þetta yrði gert með það fyrir augum að því yrði síðan skipt upp og fellt að aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Hugmyndin byggist jafnframt á því að leitað verði eftir sérstakri fjárveitingu ríkisins til að standa straum af kostnaði við þessa skipulagsvinnu að sem mestu leyti, líkt og rætt var á fundi Breiðafjarðarnefndar með sveitarstjórnarmönnum í Stykkishólmi þann 8. október 2002.

Í október 2004 höfðu öll sveitarfélögin svarað erindi nefndarinnar frá desember 2003 og tóku almennt vel í hugmynd nefndarinnar, en með þeim fyrirvara að þau þyrftu ekki að bera aukinn kostnað vegna skipulagsvinnunnar. Breiðafjarðarnefnd vinnur nú að undirbúningi þess að fá fagaðila til að setja verkefnið upp og gera kostnaðaráætlun.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Þann 18. nóvember 2003 var undirritaður samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um gerð stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði. Markmiðið með samningnum var að taka saman skýrslu um stöðu þekkingar á náttúrufari Breiðafjarðar, benda á helstu þekkingagöt og leggja fram tillögur um hvar frekari rannsókna og gagnaöflunar er þörf. Í árslok 2004 voru lögð fyrir nefndarmenn drög að stöðuskýrslu um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði sem unnin var af Gunnari Þór Hallgrímssyni og Ævari Petersen. Skýrslan verður gefin út í fyrri hluta ársins 2005.

Vettvangsferð um Strandir

Þann 16. október 2004 fór Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð fyrir strandir (Fellsströnd og Skarðsströnd) um Gilsfjörð og Reykhólasveit að Stað. Komið var við á Grund, í Dagverðarnesi, Skarðsstöð, Innri-Fagradal, Skriðulandi, Ólafsdal, Þörungaverksmiðjunni og að Stað. Að lokum var haldið í Bjarkalund þar sem fundað var. Í vettvangsferðinni var vegstæði út Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar um Grónes og þaðan yfir mynni Gufufjarðar upp á Melanes skoðað frá Hákarlaströnd á Reykjanesi. Nefndarmenn voru sammála um að vettvangsferð sem þessi væri afar

mikilvæg fyrir störf nefndarinnar. Í ferðinni voru teknar margar myndir sem skoða má á heimasíðu nefndarinnar, www.breidafjordur.is.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, ýmsar upplýsingar, myndir frá Breiðafirði og annan fróðleik.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í *Viðaukum I og II*.

Viðaukar


Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja ársskýrslunni tveir viðaukar.

Viðauki – I: Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar, bls. 8-32.

Viðauki – II: Yfirlit yfir innsend og útsend erindi, bls. 33-36.

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2004 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í febrúar 2005
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson
formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar árið 2004

46. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 22. janúar 2004 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ævar Petersen, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir komst ekki til fundar sökum anna.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 45. fundar

Formaður las upp fundargerð 45. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum. Fundargerðin var send Svavari Sigmundssyni, forstöðumanni Örnefnastofnunar, sem samþykkti hana fyrir sitt leyti.

Ársskýrsla 2003

Lögð voru fram drög að ársskýrslu 2003.

Afgreiðsla: Ákveðið var að vinna drögin áfram og hafa skýrsluna tilbúna til prentunar á næsta fundi.

Umsókn um greiðslu þóknana fyrir nefndarsetu árið 2003

Lögð voru fram drög að erindi til umhverfisráðuneytisins þar sem óskað er eftir greiðslu þóknana til nefndarmanna fyrir nefndarsetu árið 2003.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

Vestfjarðarvegur nr. 60 Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi

Umsögn um tillögu að matsáætlun

Tekið var fyrir erindi Skipulagsstofnunar, dags. 17. desember 2003, þar sem óskað er umsagnar Breiðafjarðarnefndar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Lögð voru fram drög að svarbréfi til Skipulagsstofnunar sem voru samþykkt svohljóðandi:

“Samkvæmt svæðisskipulagi fyrir Reykhólahrepp og Dalasýslu 1992-2012 sem staðfest var 4. janúar 1996 er gert ráð fyrir endurbótum á Vestfjarðavegi nr. 60, frá Bjarkalundi að Eyri í Kollafirði. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir nýrri framtíðar legu vegarins frá Bjarkalundi að Kraká, en þaðan að Eyri er gert ráð fyrir að nýr vegur verði að mestu í sama vegstæði og núverandi vegur. Mismunandi leiðir eru settar fram í tillögu að matsáætlun Vegagerðarinnar um Þorskafjörð, Djúpafjörð, Gufufjörð og að Kraká, en svokölluð leið B, sem þverar alla firðina er sú leið sem svæðisskipulagið gerir ráð fyrir. Þar er nákvæm staðsetning vegarins þó hvorki tilgreind né hnitsett svo sem orðin “lega óviss” vísa til.

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við staðfest svæðisskipulag Reykhólahrepps og þá framtíðar legu Vestfjarðavegar nr. 60 sem þar er ákveðin, og að framan

er lýst. Nefndin bendir engu að síður á að allar vegleiðir verði teknar til skoðunar í matsáætlun Vegagerðarinnar, en tillaga að matsáætlun tekur ekki af tvímæli um nákvæma legu vegarins. Nefndin telur eðlilegt að mismunandi kostir séu lagðir fram í matinu, og einnig hver eru raunveruleg áhrifasvæði framkvæmda eftir hverri veglínu, en á þessum slóðum er víða um náttúrufarslega viðkvæm svæði að ræða. Þá geta áhrif þverana verið víðtækari en áhrif veglína uppi í landi þótt þar um skipti staðsetning þverunar auðvitað miklu máli.

Vegna eðli matsáætlunar liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um náttúrufarsþætti, svo sem lífauðgi einstakra fjara (þ. á m. leira), líf í þeim skerjum sem veglínur kunna að liggja um eða nálægt, merkilegar jarðmyndanir, o.s.frv. og hugsanleg áhrif vegafframkvæmda á slíka náttúrufarsþætti. Þær upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en endanleg afstaða er tekin til tillagna um vegstæði. Nefndin óskar því eftir að fá tillögur Vegagerðarinnar til umsagnar þegar þær liggja fyrir. Nefndin vill engu að síður koma fram með eftirfarandi ábendingar á þessu stigi, enda má gera sér talsverða grein fyrir áhrifum á landslag þótt áhrif á einstaka náttúrufarsþætti séu ekki kunn.

Breiðafjarðarnefnd er mótfallin skerðingu á sjávertjörnum og leirum, og almennt séð einnig á sjávarkömbum og fjörum. Þannig skiptir til dæmis miklu máli hvort vegstæðið á 9,5 km. kafla frá Þórisstöðum og út í Hallsteinsnes sé fyrirhugað á sjávarkambi með fjöruborði og yfir sjávertjarnir eða ofar í landinu. Í tillögunni er misvísandi orðalag um leguna. Þó segir berum orðum í kafla 2.5.2 Gróðurfar, að leið B liggja í gegnum Teigsskóg. Samkvæmt þessu orðalagi er lega vegarins ekki fyrirhuguð á sjávarkambi eða yfir sjávertjarnir. Hins vegar segir t.d. í 6. kafla, Leið B, að tjarnir á Hallsteinsnesi gætu orðið fyrir raski, án þess að útskýrt sé hvort um sjávertjarnir sé að ræða. Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á þessu misræmi og telur að ef fleiri en ein lega vegarins komi til greina á þessu svæði, sé eðlilegt að sýna alla valkosti svo unnt sé að velja á milli þeirra með tilliti til umhverfisáhrifa hvers um sig.

Við þverun fjarða telur Breiðafjarðarnefnd afar brýnt að ávallt sé gert ráð fyrir því að full vatnsskipti verði tryggð, þannig að leirur og fjörur innan þverana verði ekki fyrir áhrifum af vegagerðinni. Gerir nefndin kröfu um að í matsáætlun verði gert ráð fyrir að svo verði. Þannig er hæpið að 20 metra löng brú við þverun Gufufjarðar (vegna leiðar D) sé fullnægjandi til að uppfylla þá kröfu þar sem leirur og land fyrir botni fjarðarins er mjög flatt og hæðarmunur lítil.

Samkvæmt skrá sýslumannsins á Patreksfirði um friðlýst æðarvörp, sbr. reglugerð nr. 252/1996, eru engin friðlýst æðarvörp á þeim jörðum sem tillagan að matsáætlun snertir, og bendir Breiðafjarðarnefnd á að þær upplýsingar koma ekki fram í tillögunni. Engu að síður eru æðarvörp í Hallsteinsnesi, Grónesi og Skálanesi og mun leið B sneiða nærri þeim.

Þá telur nefndin nauðsynlegt að smádyralíf og fiskseiði þurfi að rannsaka ítarlegar en lýst er í tillögunni m.a. í skurðum og lækjum fyrir botni Gufufjarðar til að ganga úr skugga um hvaða samspil er í lífríkinu milli leirunnar og ferskvatnsins ofan hennar. Gera þarf grein fyrir mikilvægi fjarðanna fyrir fuglalíf, ekki síst á þeim viðkvæma tíma þegar fuglar (svo sem álfir og æðarfuglar) eru í fjaðrafelli, ófleygir og styggir. Haförn verpur á einum stað rétt utan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar en byggir afkomu sína að öllu leyti á sjónum innan verndarsvæðisins. Efnisnám mun vera ráðgert þar sem arnarsetrið er staðsett og er það óásættanlegt.

Samkvæmt uppdrætti sem fylgir tillögu að matsáætlun virðist ca 5 km fyrirhugað vegstæði frá Miðhúsum í Djúpafirði og út á Grónes vegna leiðar C vera að öllu leyti vel uppi á landi og fjarri fjöru og því utan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þetta kemur ekki skýrt fram í hinum skrifaða texta tillögunnar og telur Breiðafjarðarnefnd upplýsingar um þetta vegstæði þurfa að vera gleggri m.a. með tilliti til þess hvort og þá hvaða rannsókna er þörf á fjörunni og næsta nágreinnis hennar. Sama á við um aðrar vegleiðir eins og áður hefur komið fram og því örðugt á þessu stigi að gera grein fyrir heildaráhrifum vegafframkvæmda. Breiðafjarðarnefnd gengur út frá því sem vísu að áhrifum mismunandi leiða verði lýst skilmerkilega í matsskýrslu þegar hún liggur fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til einstakra leiða og áhrifa þeirra á náttúrufar og menningarminjar innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin vill ítreka að hún fái matsáætlun Vegagerðarinnar með skilgreindum tillögum að veglínunum til umsagnar þegar þær liggja fyrir.

Breiðafjarðarnefnd telur að í matsáætlun ætti að taka til umfjöllunar þann möguleika að grafa jarðgöng undir Þorskafjörð í vegstæði samkvæmt leið A og álitur að slíkur kostur hefði hvað minnst neikvæð umhverfisáhrif.”

Gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð

Kl. 13:50 mættu Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og Menja von Schmalensee.

Róbert og Menja kynntu tilboð Náttúrustofu Vesturlands í gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð og sögðu frá sínum hugmyndum um uppsetningu og útlit. Þau lögðu fram tvær mismunandi hugmyndir. Í ódýrari útgáfunni yrði ekki mikið lagt í hönnun en í dýrari útgáfunni yrði meiri grafísk hönnun ásamt hönnun á merki fyrir nefndina. Nefndarmenn voru sammála um að hafa eingöngu ljósmyndir, en ekki teikningar í bæklingsnum. Varðandi gerð merkis vildu nefndarmenn hugsa um hvert tákn Breiðafjarðar ætti að vera og semja sérstaklega um hönnun þess. Nefndarmenn töldu æskilegt að gefa bæklingsinn út í sjö þúsund eintökum á íslensku og þrjú þúsund á ensku.

Afgreiðsla: Ákveðið var að semja við Náttúrustofu Vesturlands um gerð kynningarbæklings og fela þeim hönnun hans á grundvelli hærra tilboðs. Þá var ákveðið að óska eftir einhverjum hugmyndum um útlit merkis nefndarinnar á grundvelli tilboðs þeirra. Ákveðið var að bjóða almenningi að senda inn hugmyndir að merki nefndarinnar inn á heimasíðu hennar.

Róbert og Menja viku af fundi kl. 14:10.

Heimildaskrá um menningarminjar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Ritari hafði samband við Benedikt Eypórsson, sem er að leggja lokahönd á skráningu á heimildum um menningarminjar á verndarsvæði Breiðafjarðar. Hann vonast til að ljúka verkinu í næstu viku og mun skila skráningunni í tveimur prentuðum eintökum og á tölvutæku formi til nefndarinnar.

Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja

Magnús lagði fram tillögu að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að skoða málið fram að næsta fundi. Magnús tók að sér að senda tillöguna til Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar og fá þeirra athugasemdir.

Umsókn um fjármagn til endurútgáfu verndaráætlunar

Ákveðið var á 43. fundi að sækja um fjármagn til að uppfæra og endurútgefa verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Afgreiðsla: Ákveðið var að leita eftir því við Guðríði Þorvarðardóttur, höfund verndaráætlunarinnar, að áætla kostnað við endurútgáfu hennar.

Örnefnaskráningar að Dröngum

Ásgeir Gunnar sagði frá því að skráning örnefna að Dröngum væri í vinnslu en hann hafi ekki fengið þær í hendur.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða eftir og sjá hvernig til hefur tekist með örnefnaskráningarnar að Dröngum áður en samningur verður gerður við Örnefnastofnun og Loftmyndir/Ísgraf um færslu örnefna við Breiðafjörð.

Erindi til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Ritari sagði frá því að engin svarbréf hafi borist vegna erindis Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember sl. varðandi gerð aðalskipulags á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn ræði málið við sínar sveitarstjórnir og kanni farveginn.

Önnur mál

Workshop on the Development and Management of Marine Protected Areas

Rætt var hvort Breiðafjarðarnefnd gæti styrkt aðila til að sækja ofangreinda ráðstefnu, sem haldin verður í Finnlandi 8. til 15. maí 2004.

Afgreiðsla: Nefndin tók jákvætt í að senda fulltrúa sinn á ráðstefnuna og ákvað að bera erindið undir Guðríði Þorvarðardóttur, varaformann.

Svarbréf Þörungaverksmiðjunnar við erindi frá 17. nóvember 2003

Ritari sagði frá því að Halldór Sigurðsson forstjóri Þörungaverksmiðjunnar hafi haft samband og látið vita af því að verið væri að safna saman þeim skýrslum sem beðið var um í erindi nefndarinnar til Þörungaverksmiðjunnar 17. nóvember 2003. Þá faxaði hann fjórar skýrslur fyrir fundinn sem afhentar voru nefndarmönnum.

Fundi slitið kl. 15:45.

Næsti fundur verður haldinn 17. eða 18. febrúar.

47. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. febrúar 2004 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ævar Petersen, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 46. fundar

Formaður las upp fundargerð 46. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Starfsskýrsla 2003

Enn er unnið við að klára starfsskýrslu ársins 2003.

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að skrifa þann kafla sem vantar og var skýrslan samþykkt að örðu leyti.

Erindi Reynis Bergsveinssonar

Lagt var fram erindi Reynis Bergsveinssonar, þar sem hann óskar eftir að nefndin gefi álit um þau áform að gera tilraun til þess að útrýma minkum á tilgreindu tilraunasvæði, sem væri Skarðsströnd, Saurbæjarhreppur og Reykhólahreppur og veiti leyfi til þess ef þurfa þykir. Þá óskar hann eftir því að nefndin ræði hugmynd um stöðuvatn í Þorskafirði innan við veg sem þá yrði gerður sem stífla.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd er hlynnt því að leitað verði allra leiða til þess að útrýma mink á Íslandi og að byrjað sé við Breiðafjörð.

Varðandi hugmynd Reynis um stöðuvatn í Þorskafirði hefur Breiðafjarðarnefnd með erindi sínu til Skipulagsstofnunar, dags. 22. janúar 2004, lýst því yfir að við þverun fjárða telji hún afar brýnt að ávallt sé gert ráð fyrir því að full vatnsskipti verði tryggð, þannig að leirur og fjörur innan þverana verði ekki fyrir áhrifum af vegagerðinni. Hugmyndir um myndun stöðuvatns fara ekki saman við hugmyndir nefndarinnar.

Heimildaskrá um menningarminjar við Breiðafjörð

Lögð var fram heimildaskrá um menningarminjar við Breiðafjörð, sem Benedikt Eyþórsson vann samkvæmt samningi Fornleifaverndar ríkisins og Breiðafjarðarnefndar. Skránni var skilað inn í tveimur prentuðum eintökum og á tölvutæku formi.

Afgreiðsla: Nefndarmenn lýstu ánægju með skýrsluna.

Ákveðið var að senda Fornleifavernd ríkisins erindi og óska eftir þeirra mati á því hvað sé brýnast að gera á verndarsvæði Breiðafjarðar í sambandi við verndun og skráningu á menningarsögulegum minjum.

Ákveðið var að setja heimildaskrána inn á heimasíðu nefndarinnar ásamt því að senda tilheyrandi sveitarfélögum, söfnum og stofnunum.

Samningur við NSV um gerð kynningarbæklings og tillaga að merki (lógói) nefndarinnar.

Lögð voru fram drög að samningi Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar um gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð. Einnig var lögð fram tillaga Menju von Schmalensee að merki (lógói) fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Kl. 12:20 mætti Menja á fundinn og var frekari útfærsla á merkinu rædd við hana. Atriði sem þóttu mega sjást í merkinu voru náttúran, Breiðafjörður sjálfur og menningarminjar.

Menja vék af fundi kl. 12:35.

Þá voru rædd drög að samningi um gerð kynningarbæklings um Breiðafjörð en nefndarmenn vildu hafa kostnaðarlið vegna ljósmynda inni í samningnum eins og gert var ráð fyrir í tilboði.

Kl. 13:00 mætti Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, og var kostnaðarliður vegna ljósmynda í samningnum ræddur við hann.

Afgreiðsla: Nefndarmenn settu niður sínar hugmyndir um útlit merkis fyrir Menju til að vinna úr.

Ákveðið var að kostnaðarliður vegna ljósmynda yrði aftur settur inn í heildarkostnað við gerð kynningarbæklings og var samningurinn þannig undirritaður af Friðjóni Þórðarsyni og Róberti Arnari Stefánssyni.

Róbert vék af fundi kl. 13:15.

Umsókn um fjármagn til endurútgáfu verndaráætlunar

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að vinna í málinu.

Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja

Magnús lagði fram drög að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar, en drögin hafa þegar verið borin undir Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu skoða málið og senda Magnúsi sínar tillögur.

Örnefnaskráningar að Dröngum

Ásgeir Gunnar lagði fram útprentun af örnefnaskráningum Ólafs Guðmundssonar á Dröngum. Mikið var rætt um framhald verkefnisins, hve kostnaðarsamt það yrði fyrir nefndina og hvernig haldið verði utan um það.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda áfram að stuðla að örnefnaskráningu á svæðinu. Ásgeir Gunnar og Magnús tóku að sér að koma með tillögur um innihald samnings við Ísgraf/Loftmyndir.

Erindi til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Reykholahreppur og Dalabyggð hafa svarað erindinu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bíða eftir svarbréfum þeirra sveitarfélaga sem enn eiga eftir að svara erindinu.

Workshop on the Development and Management of Marine Protected Areas

Breiðafjarðarnefnd ræddi á 46. fundi um að gagnlegt væri að senda fulltrúa á ofangreinda ráðstefnu og var Guðríði Þorvarðardóttur varaformanni boðið að sækja ráðstefnuna fyrir hönd nefndarinnar.

Afgreiðsla: Guðríður mun sækja ráðstefnuna og sjá um að senda inn umsókn þess efnis.

Svarbréf vottunarstofunnar Túns ehf. við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. nóvember 2003.

Ofangreint svarbréf var rætt.

Afgreiðsla: Nefndarmenn lýstu furðu sinni á að þangsláttarmenn væru undanskyldir hvað vottun varðar, þar sem Þörungaverksmiðjan hefur hlotið vistvæna vottun. Enn er beðið eftir svari Þörungaverksmiðjunnar við erindi nefndarinnar frá 17. nóvember 2003.

Önnur mál

Ævar sagði frá því að Gunnar Þór Hallgrímsson, nemi við Háskóla Íslands, hafi verið ráðinn til að vinna stöðuskýrslu um náttúruferar á Breiðafirði, sbr. samning Náttúrufræðistofnunar Íslands og Breiðafjarðarnefndar.

Fjárlög ársins 2005

Breiðafjarðarnefnd þarf að senda tillögur vegna fjárlaga ársins 2005.

Afgreiðsla: Friðjón tók að sér að sækja um frest til að senda inn tillögurnar.

Fundi slitið kl. 15:00.

Næsti fundur verður haldinn í Grundarfirði um miðjan mars.

48. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. mars 2004 á Hótel Framnesi í Grundarfirði

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ævar Petersen, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 47. fundar

Formaður las upp fundargerð 47. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Tekið var fyrir erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 2. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl. Mikil umræða átti sér stað um frumvarpið. Jóhannes Gíslason lagði fram áherslupunkta sína um arnarvernd.

Tekið var matarhlé kl. 12:00, en umræðu var framhaldið kl. 12:30.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins, en Þórólfur tók saman punkta sem nefndarmenn munu vinna út frá við afgreiðslu málsins eftir fundinn.

Sjóvarnir við Framnes-Torfabót og við Grundargötu, Grundarfirði, Eyrarsveit.

Tekið var fyrir erindi Umhverfisstofnunar dags. 12. mars sl. Í erindinu er óskað eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um sjóvarnir í Grundarfirði skv. meðfylgjandi bréfi frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Afgreiðsla: Það er mat Breiðafjarðarnefndar að framanskráðar framkvæmdir eins og þeim er lýst í fylgigögnum með erindi Umhverfisstofnunar séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja

Magnús sagði frá því að hann hafi sóst eftir athugasemdum við reglugerðina frá Húsafriðunarnefnd en enn ekki fengið, en þar sé gerð reglugerðarinnar fagnað. Nefndarmenn fóru yfir drög að reglugerð og komu með sínar tillögur að breytingum.

Afgreiðsla: Magnús mun halda áfram vinnu við reglugerðina og senda nefndarmönnum til frekari skoðunar.

Örnefnaskráningar að Dröngum

Ásgeir Gunnar sagði tilgang Breiðafjarðarnefndar með örnefnaskráningum að forða menningarsögulegum minjum frá glötun. Nefndarmenn töldu að æskilegt væri að í samningi við Ísgraf/Loftmyndir væru ákvæði um að Breiðafjarðarnefnd fengi útprentaðar loftmyndir af jörðunum með skráningunum á til eignar eða að nefndin geti óskað eftir útprentun eftir hentugleika. Þá væri æskilegt að í samningnum væri ákvæði sem leyfði Breiðafjarðarnefnd að heimila aðilum sem eru að vinna á Breiðafirði og óska eftir því við Breiðafjarðarnefnd, að fá útprentun af tilteknum

svæðum. Einnig þyrfti Breiðafjarðarnefnd að hafa heimild til að gera örnefnaskráningarnar aðgengilegar á myndrænu formi á heimasíðu sinni.

Afgreiðsla: Afgreiðsla var frestað en unnið verður áfram í málinu.

Svarbréf Grundarfjarðarbæjar við erindi nefndarinnar til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Rætt var ofangreint svarbréf, dags. 13. febrúar 2004, þar sem þátttöku í verkefninu er hafnað í ljósi þess að sveitarfélagið er sjálft að vinna aðalskipulag fyrir dreifbýlið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ræða málið við bæjartjórn Grundarfjarðarbæjar seinna á fundinum.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Vegagerðarinnar vegna Vestfjarðavegar nr. 60

Ofangreint bréf, dags. 13. febrúar 2004, var lagt fram til kynningar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við bréfið.

Afrit af bréfi samgöngunefndar sveitarfélaganna í Barðarstrandarsýslu til Skipulagsstofnunar vegna Vestfjarðavegar nr. 60

Ofangreint bréf, dags. 29. febrúar 2004, var lagt fram til kynningar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við bréfið.

Fjármál 2005 og endurútgáfa verndaráætlunar

Erindi Breiðafjarðarnefndar til umhverfisráðherra, dags. 20. febrúar sl., var lagt fram til kynningar. Formaður og varaformaður nefndarinnar fóru á fund Magnúsar Jóhannessonar ráðuneytisstjóra og Hrafnhildar Ástu Þorvaldsdóttur skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu þann 27. febrúar sl. og afhentu erindið, en þar er óskað eftir fjármagni til reksturs Breiðafjarðarnefndar, til verkefna vegna stefnumörkunar og vegna kortlagningar og upplýsingaöflunar sbr. verndaráætlun, alls kr. 17.575 þús.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við bréfið.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar

Lögð var fram starfsskýrsla Breiðfjarðarnefndar fyrir árið 2003.

Afgreiðsla: Skýrslan var samþykkt eftir að gerðar voru á henni lagfæringar.

Kl. 14:30 mættu Eyþór Björnsson settur bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri í barneignaleyfi ásamt Sigríði Finsen forseta bæjarstjórnar og Guðna Hallgrímssyni.

Friðjón bauð gestina velkomna og kynnti nefndarmenn. Hann sagði nauðsynlegt fyrir nefndarmenn og bæjarstjórnir á verndarsvæðinu að hittast og bera saman bækur sínar. Sigríður Finsen sagði frá ýmsum málum sem brenna á Grundfirðingum og tók sérstaklega fram að nýverið hafi fundist heitt vatn í fjörunni við Berserkseyri og óskaði eftir skilningi nefndarinnar ef málefni hitaveitunnar koma upp á borð hennar. Hún sagði frá ferli sem þau hafa staðið í varðandi skipulagsvinnu í Grundarfirði og að nú sé verið að skipuleggja dreifbýlið. Sú vinna sé í góðum gangi og verið sé að vinna við upplýsingasöfnun. Þá velti hún upp þeirri spurningu hvort nauðsynlegt sé að Grundarfjarðarbær tilheyri verndarsvæði Breiðafjarðar, þar sem aðeins ein eyja tilheyri bæjarfélaginu og hún sé í einkaeigu og algjörlega friðuð.

Þórólfur sagði frá því að Breiðafjarðarnefnd starfi eftir lögum um vernd Breiðafjarðar og samkvæmt þeim tilheyri átta sveitarfélög verndarsvæðinu. Hann sagði mikla umræðu hafa átt sér stað um það hvernig framfylgja eigi lögum og benti á sívaxandi

áhuga fólks á Breiðafirði. Þórólfur sagði einnig frá hugmyndum Breiðafjarðarnefndar í skipulagsmálum og benti á skipulag miðhálandisins þar sem ríkið kostaði skipulagsgerð að öllu leyti, en hugmynd nefndarinnar byggist einmitt á svipuðum grunni. Nefndarmenn óskuðu jafnframt eftir því að þegar öll sveitarfélögin hafa svarað erindi nefndarinnar varðandi skipulagsgerð myndi bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar endurskoða afstöðu sína til aðalskipulagsgerðar og veita málinu a.m.k. hlutleysi og var tekið jákvætt í það af hálfu bæjarstjóra.

Mikil umræða átti sér stað um skipulagsmál við Breiðafjörð, en einnig var friðun Melrakkaeyjar í Grundarfirði rædd og það hver ávinningur friðunarinnar hefur verið.

Friðjón óskaði Grundfirðingum að lokum til hamingju með heita vatnið og sleit fundi kl. 16:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

49. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. maí 2004 í Búðardal

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson og Eiríkur Snæbjörnsson varamaður Jónnnesar Gíslasonar sem komst ekki úr Skáleyjum vegna veðurs.

Guðríður Þorvarðardóttir, Magnús A. Sigurðsson og Ævar Petersen komust ekki til fundarins vegna anna og voru varamennirnir Þorleifur Eiríksson og Guðmundur Ólafsson boðaðir, en komust ekki.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 48. fundar

Formaður las upp fundargerð 48. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja

Lögð var fram tillaga að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja en Magnús hefur verið að vinna hana eftir athugasemdum sem borist hafa frá nefndarmönnum.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar, þar sem Magnús var fjarverandi.

Efnistaka í Kolgrafafirði

Á leið sinni á 48. fund Breiðafjarðarnefndar urðu nefndarmenn varir við óheimila efnistöku í Kolgrafafirði. Nefndarmönnum er kunnugt um að efnistökkunni hafi verið hætt, en málið var rætt.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd taldi ekki þörf á að aðhafast í málinu.

Örnefnaskráningar

Ásgeir Gunnar lagði fram drög að samstarfssamningi við Ísgraf/Loftmyndir og Örnefnastofnun um skráningu á örnefnum við og á verndarsvæði Breiðafjarðar. Drögin voru rædd, en fram kom að nauðsynlegt sé að skoða nokkur atriði sammingsins, eins og kostnaðaráætlun, betur.

Afgreiðsla: Ásgeir Gunnar tók að sér að fullvinna drögin í samráði við nefndarmenn og bera þau undir forsvarsmenn Ísgrafs/Loftmynda og Örnefnastofnunar.

Samningur við NSV um gerð merkis (lógós) Breiðafjarðarnefndar

Lagður var fram samningur við Náttúrustofu Vesturlands um gerð merkis (lógós) fyrir Breiðafjarðarnefnd. Einnig lá fyrir endanleg tillaga NSV að útliti merkisins.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru sáttir við útlit merkisins og skrifaði formaður Breiðafjarðarnefndar undir samninginn fyrir hönd nefndarinnar.

Kynningarbæklingur fyrir Breiðafjörð

Lögð var fram tillaga Náttúrustofu Vesturlands að texta í kynningarbækling fyrir Breiðafjörð. Einnig var lagt fram kort af Breiðafirði sem verið er að vinna fyrir Náttúrustofuna og á að vera í bæklingnum.

Afgreiðsla: Nefndarmenn fóru yfir textann og settu fram athugasemdir og tillögur að breytingum. Einnig komu nefndarmenn með tillögur að breytingum á kortinu.

Vinnureglur við afgreiðslu mála

Rætt var um að gera vinnureglur sem hafa skuli til hliðsjónar við afgreiðslu mála þegar ekki er um samhljóða afgreiðslu að ræða af hálfu nefndarmanna.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins þar til nefndin verður fullmönnuð.

Erindi Sverris Jakobssonar

Tekið var fyrir erindi Sverris Jakobssonar sagnfræðings, dags. 15. apríl 2004, þar sem hann óskar eftir styrk frá eða samstarfi við Breiðafjarðarnefnd, en hann hyggst skrifa sögu Breiðafjarðar og telur það tengjast verkefni nefndarinnar þar sem það lýtur að varðveislu menningarminja. Nefndarmönnum þótti verkefnið áhugavert.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bjóða Sverri að koma á næsta fund og kynna hugmyndir sínar nánar fyrir nefndarmönnum.

Svarbréf Saurbæjarhrepps

Lagt var fram svarbréf Saurbæjarhrepps við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003. Í erindinu fagnar hreppsnefnd Saurbæjarhrepps hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um sameiginlegt svæðisskipulag verndarsvæðis Breiðafjarðar og lýsir sig fúsa til samstarfs um málið.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við svarbréfið.

Svarbréf Fornleifaverndar ríkisins

Lagt var fram svarbréf Fornleifaverndar ríkisins, dags. 26. apríl 2004, við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 25. febrúar sl. varðandi hvaða verkefni stofnunin telji brýnast að vinna á verndarsvæði Breiðafjarðar í sambandi við verndun og skráningu á menningarsögulegum minjum.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við svarbréfið.

Verkefni ársins 2004

Rætt var hvernig verkefnum sem koma á í framkvæmd á árinu 2004 yrði forgangsraðað. Lögð var fram fjárhagsáætlun til áramóta. Ýmsar hugmyndir komu fram.

Afgreiðsla: Ákveðið var ræða málið frekar á næsta fundi.

Ocean Strategies – Integrated Management of the Marine Environment

Lögð var fram til kynningar auglýsing um ofangreinda ráðstefnu, sem haldin verður í Reykjavík dagana 2.-4. júní 2004.

Kl. 14:30 mætti sveitarstjóri Dalabyggðar, Haraldur L. Haraldsson.

Friðjón bauð Harald velkominn. Hann kynnti lög um vernd Breiðafjarðar og sagði frá starfsemi nefndarinnar.

Haraldur sagði frá því að verið sé að vinna að aðalskipulagi fyrir Dalabyggð. Hugmyndir nefndarmanna um aðalskipulag fyrir Breiðafjörð voru ræddar ásamt fleiri málum.

Fundi slitið kl. 15:30

Næsti fundur ákveðinn síðar.

50. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. júní í Umhverfisstofnun, Reykjavík

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Gíslason. Einnig var mættur Þorleifur Eiríksson varamaður Ævars Petersen, sem komst ekki til fundar vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 49. fundar

Formaður las upp fundargerð 49. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Erindi Sverris Jakobssonar

Kl. 11:10 mætti Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur sem sérstaklega var boðið að mæta á fundinn og gera grein fyrir hugmyndum sínum varðandi skráningu á sögu Breiðafjarðar, en hann óskar eftir styrk frá, eða samstarfi við, Breiðafjarðarnefnd vegna verkefnisins og telur það tengjast verksviði nefndarinnar þar sem það lýtur að varðveislu menningarminja. Sverrir skýrði frá því hvernig hann mundi vilja haga verkinu, en rannsóknin mun að verulegu leyti byggjast á frumgögnum. Hann svaraði spurningum nefndarmanna.

Afgreiðsla: Erindinu var vel tekið. Ákveðið var að Sverrir vinni verkáætlun og verði áfram í sambandi við nefndarmenn varðandi framhaldið, sem munu reyna eftir megni að veita honum liðsinni við að fjármagna verkið.

Sverrir vék af fundi kl. 11:40.

Kynningarbæklingur um Breiðafjörð og hugmynd Náttúrustofu Vesturlands um útgáfu fræðslubæklingaraðar

Lagt var fram til kynningar vinnueintak af kynningarbæklingi um Breiðafjörð sem unninn er af Náttúrustofu Vesturlands.

Einnig var lagt fram erindi Náttúrustofunnar, dags. 27. maí sl. þar sem viðruð er sú hugmynd að gefa út fræðslubæklingaröð þar sem gerðir yrðu stakir bæklingar um t.d. menningarminjar, fuglalíf, gróðurfar, fjöruna o.fl.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við myndaval og uppsetningu á bæklingnum.

Ákveðið var að láta prenta bæklinginn í 10 þúsund eintökum á íslensku og jafn mörgum eintökum á ensku og senda frítt inn á hvert heimili í sveitarfélögunum átta á verndarsvæði Breiðafjarðar. Þá var ákveðið selja bæklinginn ef nefndinni er það heimilt. Hann yrði seldur á kostnaðarverði til ferðaþjónustuaðila, með þeim fyrirvara að þeir selji hann ekki á meira en 100 kr. Ritari tók að sér að athuga hvort nefndin hafi heimild til að afla sértekna með þessu móti.

Varðandi erindi Náttúrustofunnar um útgáfu fræðslubæklingaraðar var ákveðið að gefa þennan bækling út ónúmeraðan en hugmyndin um bæklingaröð (safn) þótti góð og má halda henni opinni.

Verkefni og fjármál ársins 2004

Lögð var fram til kynningar rekstraráætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Afgreiðsla: Umræðu um verkefni var frestað.

Starfstími Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd sem nú starfar var skipuð 9. júní árið 2000 til fjögurra ára. Friðjón sagði frá því að umhverfissráðuneytið væri um þessar mundir að senda út bréf til þeirra aðila sem tilnefna eiga í nefndina og óska eftir að það verði gert.

Afgreiðsla: Friðjón þakkaði nefndarmönnum góða samvinnu.

Örnefnaskráningar

Ásgeir Gunnar lagði fram drög að samstarfssamningi milli Breiðafjarðarnefndar, Loftmynda ehf. og Örnefnastofnunar. Innihald samningsins var rætt.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda samninginn til Loftmynda ehf. og Örnefnastofnunar til yfirlstrar.

Reglugerð um menningarsögulegar minjar

Lögð var fram tillaga að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja en Magnús hefur verið að vinna hana eftir athugasemdum sem borist hafa frá nefndarmönnum. Tillagan var rædd og gerðar á henni breytingar.

Afgreiðsla: Magnús tók að sér að fullvinna tillöguna og senda til nefndarmanna til yfirlstrar.

Gerð aðalskipulags á Breiðafirði

Enn hafa nokkur sveitarfélög ekki svarað erindi nefndarinnar frá 17. desember 2003.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir svári frá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa svarað erindinu.

Kiðey á Breiðafirði

Kiðey á Breiðafirði er til sölu. Eyjan tilheyrir Helgafellssveit og er staðsett fyrir utan Ögur, en Umhverfisstofnun hefur forkaupsrétt að henni. Auglýsing þess efnis var lögð fram til kynningar.

Workshop on the Development and Management of Marine Protected Areas

Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður sótti ofangreinda ráðstefnu sem haldin var í Finnlandi 8. – 15. maí sl. Á ráðstefnunni var fyrst og fremst fjallað um hafsvæði og hvernig best sé að vernda þau fyrir skaðsemi veiðarfæra eins og botnvarpa. Hún sagði ráðstefnuna hafa í alla staði verið mjög fróðlega og gagnlega. Hún fékk mikið af gögnum í hendur sem koma til með að vera gagnleg nefndinni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn þökkuðu Guðríði fyrir að sækja ráðstefnuna fyrir hönd nefndarinnar og kynna þeim málið.

Önnur mál

Bygging sumarhúss í Purkey

Friðjón lagði fram til kynningar fyrirætlan Helga Steingrímssonar um að byggja sumarbústað í Purkey á Breiðafirði.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Guðríður sagði frá því að ofangreind lög um breytingu á ofangreindum lögum hafi verið samþykkt á Alþingi.

Fundi slitið kl. 14:00.

51. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. ágúst 2004 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Róbert Arnar Stefánsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Breiðafjarðarnefnd, skipuð 6. júlí 2004

Þann 6. júlí sl. var skipað í Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára. Nefndina skipa: Friðjón Þórðarson, formaður, skipaður af umhverfissráðherra án tilnefningar, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, skipuð af umhverfissráðherra án tilnefningar. Samkvæmt tilnefningu Fornleifaverndar ríkisins Magnús A. Sigurðsson og Agnes Stefánsdóttir til vara. Samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða Róbert Arnar Stefánsson og Þorleifur Eiríksson til vara. Samkvæmt tilnefningu Héraðsnefndar Snæfellinga Ásgeir Gunnar Jónsson og Trausti Tryggvason til vara. Samkvæmt tilnefningu Reykhólahrepps f.h. Héraðsnefndar A-Barðastrandasýslu Eiríkur Snæbjörnsson og Jóhannes Geir Gíslason til vara. Samkvæmt tilnefningu Dalabyggðar, f.h. Héraðsnefndar Dalasýslu Sigurður Þórólfsson og Snæbjörg R. Bjartmars til vara. Samkvæmt tilnefningu Vesturbyggðar f.h. Héraðsnefndar Vestur-Barðastrandasýslu Þórólfur Halldórsson og Nanna Jónsdóttir til vara.

Friðjón þakkaði samstarfsfólki sínu frá liðnum árum samstarfið og bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa.

Fundargerð 50. fundar

Formaður las upp fundargerð 50. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Neyðarskýli í Garpsdalsey

Umhverfisstofnun óskaði með erindi, dagsettu 10. júní sl., eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um umsókn Hafliða Viðars Ólafssonar um leyfi til að reisa 14,4 m² neyðarskýli í Garpsdalsey.

Erindið var rætt. Þeir sem best þekktu til aðstæðna í Gilsfirði tóku undir það sjónarmið sem fram kom í umsókninni að öryggissjónarmið réttlættu staðsetningu neyðarskýlis í eygni. Nefndarmenn voru sammála um að þegar slík leyfi eru veitt sé nauðsynlegt að byggingin falli vel að umhverfinu. Þá töldu nefndarmenn umrætt neyðarskýli of stórt.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við að ábúandi Garpsdals reisi neyðarskýli í Garpsdalsey til öryggis vegna hlunnindanytja í eygni. Nefndin leggur þó áherslu á að um neyðarskýli sé að ræða en ekki frístundahús og að skýlið verði ekki stærra en svo að því hlutverki sé fullnægt. Þá leggur nefndin áherslu á að slíkt skýli ef reist verður falli vel að umhverfi sínu í eygni í útlitslegu tilliti. Einnig að upplýsingar um gróðurfar og dýralíf í eygni liggi fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Örnefnaskráningar

Drög að samningi við Loftmyndir ehf. og Örnefnastofnun Íslands um skráningu á örnefnum við Breiðafjörð voru send fyrrgreindum aðilum. Tillögur Arnar Ingólfssonar f.h. Loftmynda ehf. og Svavars Sigmundssonar f.h. Örnefnastofnunar að breytingum á samningnum voru ræddar. Fram kom að misræmi er á skilningi nefndarinnar og framkvæmdastjóra Loftmynda ehf. á munnlegu samkomulagi sem gert var 15. desember sl. Rætt var hve mikið fjármagn nefndin getur sett í verkefnið og ákveðið að gera ráð fyrir að það verði um 1 millj. króna á þessu ári.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Ásgeir Gunnar, Magnús og Róbert óski eftir fundi með Erni Ingólfssyni framkvæmdastjóra Loftmynda ehf. til að ræða innihald samningsins.

Svarbréf Snæfellsbæjar, dags. 21. júní 2004

Lagt var fram ofangreint svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003 varðandi gerð aðalskipulags á Breiðafirði. Byggingarnefnd Snæfellsbæjar leggur til að Breiðafjarðarnefnd komi á framfæri hugmyndum sínum um þá þætti sem nefndin vill að komi inn í aðalskipulag Snæfellsbæjar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd mun skoða bréf Snæfellsbæjar með öðrum erindum sama efnis þegar öll sveitarfélög á verndarsvæðinu hafa svarað erindi nefndarinnar frá 17. desember 2003.

Svarbréf Vesturbyggðar, dags. 22. júní 2004

Lagt var fram ofangreint svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003 varðandi gerð aðalskipulags á Breiðafirði. Bæjarstjórn Vesturbyggðar tekur jákvætt í þá hugmynd að Breiðafjarðarnefnd vinni að stefnumörkun og hugmyndum að skipulagi á því svæði sem um ræðir og að þær niðurstöður verði síðan felldar að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins, enda falli ekki viðbótarkostnaður á sveitarfélagið vegna þeirrar vinnu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ítreka erindið á ný við Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit, en svar við erindi nefndarinnar frá 17. desember sl. hefur ekki borist frá þeim sveitarfélögum.

Reglugerð um menningarsögulegar minjar

Magnús lagði fram drög að reglugerðinni.

Afgreiðsla: Ákveðið var að vinna áfram með drögin. Ritari tók að sér að útvega deiliskipulag fyrir Flatey.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, önnur verkefni og fjármál Breiðafjarðarnefndar.

Lögð var fram rekstraráætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd til ársloka 2004. Þá var rætt hvernig verkefnum skuli forgangsraðað. Friðjón fór yfir erindi nefndarinnar til umhverfissráðherra frá 20. febrúar 2004 þar sem óskað er eftir fjármagni til nefndarinnar á fjárlögum 2005. Þá kom fram að gera þurfi kostnaðaráætlun vegna örnefnaskráninga-verkefnisins og endurútgáfu verndaráætlunar.

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að gera kostnaðaráætlun vegna verndaráætlunar. Ásgeir Gunnar, Magnús og Róbert munu gera kostnaðaráætlun vegna örnefnaverkefnisins.

Önnur mál

Formaður kynnti stöðu mála hvað varðar samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um gerð stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði. Samkvæmt samtali ritara við Ævar

Petersen forstöðumann Reyjavíkurstets NÍ mun skýrslan komin vel á veg og verður að öllum líkindum skilað til nefndarinnar nú í ágúst.

Afgreiðsla mála í Breiðafjarðarnefnd

Ásgeir Gunnar ræddi afgreiðslu nefndarinnar varðandi frumvarp um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og er ósattur við minnihlutaálit Ævars Petersen í nafni nefndarinnar og að því hafi ekki verið skilað samtímis álit annarra í nefndinni. Nefndarmenn ræddu afgreiðslu málsins.

Afgreiðsla: Ákveðið var að setja þá vinnureglu um afgreiðslu mála að þegar ekki er um samdóma álit allra nefndarmanna að ræða sé það afgreitt á sama fundi og báðum álitum skilað samtímis og send með sama fylgibréfi.

Fundi slitið kl. 14:15.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 6. september nk. í Stykkishólmi.

52. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 6. september í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 51. fundar

Formaður las upp fundargerð 51. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Tillaga Breiðafjarðarnefndar að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar

Magnús lagði fram tillögu Breiðafjarðarnefndar að reglugerð um menningarsögulegar minjar á verndarsvæði Breiðafjarðar. Smávægilegar breytingar voru gerðar á reglugerðinni og var hún síðan samþykkt af hálfu nefndarmanna.

Afgreiðsla: Ritari tók að sér að senda ofangreinda tillögu að reglugerð til menntamálaráðuneytisins.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Lögð voru fram drög að samningi milli Breiðafjarðarnefndar, Örnefnastofnunar Íslands og Loftmynda ehf. vegna skráninga á örnefnum við Breiðafjörð. Ásgeir Gunnar sagði frá fundi sem hann, Róbert og Magnús sátu með Erni Ingólfssyni framkvæmdastjóra Loftmynda þann 23. ágúst sl. Nefndarmenn ræddu mikilvægi þess að gera nákvæmar verklagsreglur svo ekki fari á milli mála hvernig standa eigi að skráningunum og afmarka þau svæði sem örnefnin ná yfir á kortunum. Þá sé mikilvægt að geta heimildarmanna. Farið var yfir helstu jarðir sem liggja að Breiðafirði. Róbert kynnti kortaflokkinn “Af stað” sem unninn er af Loftmyndum, en hugmynd um að gefa út slíkt kort fyrir Breiðafjörð með örnefnum þótti góð.

Þá sagði Magnús frá því að hann hafi rætt við Svavar Sigmundsson forstöðumann Örnefnastofnunar sem hafi lýst stofnunina reiðubúna til að taka þátt í kostnaði vegna starfsmanns verkefnisins, en það kæmi þó ekki til fyrr en á næsta ári.

Nefndarmenn röðuðu niður verkefnaliðum.

Afgreiðsla: Þar sem fjárveitingar nefndarinnar leyfa ekki um sinn að ferlinu sé fylgt til enda með kostun hnitsetningar upplýsinga í stafrænan gagnagrunn og útgáfu korta var ákveðið að senda Loftmyndum ehf. bréf og óska eftir að fá útprentanir af loftmyndum jarða á svæðinu í mælikvarðanum 1:10.000 sem vinnuskjöl gegn vægu gjaldi, en bjóða Loftmyndum ehf. að fá afhent gögnin án endurgjalds til hnitsetningar og kortaútgáfu sé áhugi fyrir því. Þá verður óskað eftir því að samningsdrögum verði breytt í samræmi við þetta.

Guðríður tók að sér að ræða við Svavar Sigmundsson hjá Örnefnastofnun Íslands um að útbúa verklagsreglur. Nefndarmenn tóku að sér að kanna hvaða jarðir eru á þeirra svæði og finna heimildarmenn.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Guðríður hafði ekki tók á að vinna endanlega kostnaðaráætlun vegna endurútgáfu verndaráætlunarinnar fyrir þennan fund en mun vinna áfram í málinu.

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að vinna kostnaðaráætlun fyrir næsta fund.

Verkátun Sverris Jakobssonar um skráningu á sögu Breiðafjarðar

Rædd var verkátun Sverris Jakobssonar. Í áætluninni gerir hann ráð fyrir að verkefnið taki um 4 ár og að kostnaður fyrstu tvö árin verði um 3 milljónir króna hvort ár, þriðja árið gerir hann ráð fyrir 4 milljónum þar sem kostnaður við ferðir og tæki verði meiri það ár og fjórða árið gerir hann ráð fyrir 10 milljónum en í þeirri tölu sé útgáfukostnaður sem endurgreiðist að hluta við sölu bókarinnar sem komi út fyrir árslok 2008. Rætt var með hvaða hætti nefndin getur aðstoðað Sverri við fjármögnun á verkefninu.

Afgreiðsla: Friðjón tók að sér að ræða við forsvarsmenn KB-banka um samstarf um verkefnið.

Útsent erindi Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Ritari sagði frá því að þrátt fyrir ítrekanir hafi enn ekki borist svarbréf frá Helgafellssveit og Stykkishólm bæ vegna ofangreinds erindis nefnarinnar frá 17. desember 2003. Ritari ræddi við bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar sem mun svara erindinu formlega fyrir næsta fund. Hann sagðist reiðubúinn að ræða hugmyndir nefndarinnar og að bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar standi ekki í vegi fyrir fyrirætlun nefndarinnar, svo fremi sem ekki falli kostnaður á bæjarfélagið vegna þess.

Afgreiðsla: Magnús tók að sér að ítreka erindið við Helgafellssveit.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Ritari sagði frá því að samkvæmt samtali við Ævar Petersen, forstöðumann Reykjavíkurstets Náttúrufræðistofnunar Íslands sé verið að leggja lokahönd á skýrsluna, en hann hafi ekki geta lofað að henni yrði skilað í september.

Fundi slitið kl. 15:00.

Næsti fundur var ákveðinn laugardaginn 16. október nk. og verður þá farið í vettvangsferð fyrir strandir. Mæting verður í Búðardal kl. 09:00.

53. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. október 2004 í Bjarkalundi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson, sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara sem gat ekki setið fundinn. Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna veikinda.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Lagt var af stað frá Búðardal kl. 09:00 í vettvangsferð fyrir strandir um Gilsfjörð og Reykhólasveit að Stað. Morgunverður á Grund í boði Þórólfs og Kristínar. Hressing í Innri-Fagradal í boði Sigurðar. Hádegisverður í Skriðulandi. Heimsókn í Dagverðarnes, Skarðsstöð, Ólafsdal, Þörungaverksmiðjuna og Stað. Kvöldverður í Bjarkalundi. Komið aftur til Búðardals um kl. 20:40.

Formaður setti fund kl. 18:10.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 52. fundar

Formaður las upp fundargerð 52. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Lagður var fram samningur milli Breiðafjarðarnefndar, Örnefnastofnunar Íslands og Loftmynda ehf. vegna skráninga á örnefnum við Breiðafjörð.

Afgreiðsla: Friðjón undirritaði samninginn fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun þar sem gert er ráð fyrir að endurútgáfa verndaráætlunar kosti um 1300 þús. kr. með prentun.

Afgreiðsla: Afgreiðsla var frestað til næsta fundar vegna fjarveru Guðríðar.

Samstarf við Sverri Jakobsson um skráningu á sögu Breiðafjarðar

Friðjón mun á næstunni ræða við bankastjóra KB-banka um hugsanlegt samstarf við bankann um fjármögnun verksins.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta ákvörðun um hvort Breiðafjarðarnefnd styrki Sverri til verksins þar til afstaða KB-banka liggur fyrir.

Útsent erindi Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Lögð voru fram svarbréf Helgafellssveitar, dags. 4. okt. og Stykkishólmsbæjar, dags. 13. október 2004. Helgafellsmenn virðast hafa misskilið erindi Breiðafjarðarnefndar og/eða skipulags- og byggingarlögin.

Afgreiðsla: Unnið verður áfram í málinu og talað nánar við oddvita Helgafellssveitar.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Skv. upplýsingum frá Ævari Petersen er vinna við skýrsluna á lokastigi.

Önnur mál

Friðjón náði ekki í nýjan umhverfisráðherra fyrir fundinn, en fær viðtal hjá henni fljótlega.

Fjármál

Ef endurskoðun verndaráætlunar getur hafist á þessu ári er nauðsynlegt að verja fjármagni í það verkefni af fjárveitingum þessa árs. Að öðrum kosti verður óráðstöfuðu fjármagni varið með hliðsjón af fyrri ákvörðunum nefndarinnar um forgangsroðun verkefna, með sérstakri ákvörðun á næsta fundi.

Vettvangsferð

Í vettvangsferðinni í dag var vegstæði út Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar um Grónes og þaðan yfir mynni Gufufjarðar upp á Melanes skoðað frá Hákarlaströnd á Reykjanesi.

Fundi slitið kl. 19:05.

Næsti fundur verður haldinn um miðjan nóvember. Friðjón kemur með tillögu um tímasetningu í samráði við ritara.

54. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. nóvember í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 53. fundar

Formaður las upp fundargerð 53. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Guðríður sagði frá því að hún hafi ekki náð að ræða við Svavar Sigmundsson hjá Örnefnastofnun til að móta verklagsreglur við örnefnaskráningarnar. Hún hafi þó rætt við ýmsa aðila varðandi slíkar reglur.

Ásgeir Gunnar sagði brýnt að byrja á verkefninu sem fyrst og best væri að kaupa eitthvað af myndum á þessu ári.

Eiríkur lagði fram skrá yfir heimildamenn í Múlasveit. Ásgeir Gunnar sagðist vera með slíkan lista tilbúinn fyrir sitt svæði og mun senda hann til nefndarmanna.

Afgreiðsla: Guðríður tók að sér að móta verklagsreglur í samvinnu við Svavar Sigmundsson. Þeir nefndarmenn sem ekki hafa klárað að útbúa lista yfir heimildamenn munu gera það fyrir næsta fund svo hægt sé að ákveða hvaða jörðum verði byrjað á. Ákveðið var að ritari fái yfirlitsmynd hjá Loftmyndum yfir þær jarðir sem myndir eru til af á svæðinu og kaupir þær myndir sem til eru af Múlasveit.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá því að skv. kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að endurútgáfa verndaráætlunar kosti um 1300 þús. kr. með prentun. Guðríður stakk upp á því að vinna við uppfærsluna verði unnin í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands og að hún verði til næstu 10 ára í stað 5 ára þar sem fjármagn til nefndarinnar hefur ekki verið með þeim hætti að hægt sé að ráðast í mörg verkefni innan þess tímaramma.

Afgreiðsla: Ákveðið var að skoða nánar samstarf Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofunnar við endurútgáfuna. Guðríður tók að sér að útbúa verklýsingu fyrir næsta fund og ræða við Róbert.

Útsent erindi Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélaga vegna skipulagsmála

Sveitarfélögin átta við Breiðafjörð hafa nú öll svarað erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003. Þórólfur stakk upp á því að næsta skref verði að fá fagaðila til að setja upp hugmynd að skipulagsvinnunni og gera verklýsingu og kostnaðaráætlun. Nefndarmenn settu fram hugmyndir að því sem koma þarf fram í skipulaginu.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu halda áfram undirbúningi við skipulagið. Þá var ákveðið að senda fagaðilum á sviði fornleifarannsóknna bréf og óska eftir að þeir áætluðu gróflega hver kostnaður við fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar gæti hugsanlega verið og hvort stofnanirnar hefðu áhuga á því að taka skráningarnar að sér ef af verður.

Einnig var ákveðið að senda Ingimari Sigurðssyni í umhverfisráðuneytinu og Stefáni Thors skipulagsstjóra bréf og kynna fyrir þeim hver staða málsins er. Guðríður mun setja upp drög að bréfinu.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá samtali sem hann átti við Sverri Jakobsson sagnfræðing. Sverrir er reiðubúinn að ráðast í verkefnið og mjög áhugasamur.

Afgreiðsla: Friðjón mun áfram reyna að ná sambandi við forsvarsmenn KB-banka varðandi fjármögnun verkefnisins.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Ekki hefur enn verið lokið við stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði sem skv. samningi nefndarinnar við Náttúrufræðistofnun Íslands átti að vera tilbúin 31. mars sl. Ævar Petersen, forstöðumaður Reykjavíkursorseturs Náttúrufræðistofnunar, hefur lengi talað um að vinna við skýrsluna sé á lokastigi.

Afgreiðsla: Formaður Breiðafjarðarnefndar mun ræða við Ævar Petersen um að skýrslunni verði skilað fyrir 10. desember nk.

Evrópuverkefni um strandmenningu og ferðaþjónustu

Lagt var fram erindi sveitarstjóra Reykhólahrepps, dags. 11. nóvember sl., þar sem óskað er eftir því að Rögnavaldur Guðmundsson, verkefnisstjóri Evrópuverkefnis um strandmenningu og ferðaþjónustu fái að mæta á fund nefndarinnar og kynna verkefnið fyrir nefndarmönnum. Friðjón sagði frá samtali sínu við Rögnavald.

Afgreiðsla: Ákveðið var að bjóða Rögnavaldi að koma á næsta fund nefndarinnar og kynna verkefnið.

Fyrirlestur um verndarsvæðið Vega-eyjarnar í Noregi

Guðríður hélt fyrirlestur fyrir nefndarmenn um Vega-eyjarnar í Noregi sem fóru inn á heimsminjalistann á sama tíma og Þingvellir. Vega-eyjarnar eru að mörgu leyti mjög líkar eyjum á Breiðafirði.

Fundi slitið kl. 12:50.

Næsti fundur verður haldinn í Umhverfisstofnun mánudaginn 13. desember nk. kl. 11:00.

Ákveðið var að bjóða Rögnavaldi Guðmundssyni verkefnisstjóra Evrópuverkefnisins að mæta á fundinn. Einnig verður Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra látin vita af fundinum og boðið að koma og hitta nefndarmenn.

55. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. desember 2004 í Umhverfisstofnun, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Þórólfur Halldórsson komst ekki vegna ófærðar.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Einnig var mætt Jónína Hafsteinsdóttir frá Örnefnastofnun Íslands og sömuleiðis var Rögnvaldur Guðmundsson gestur fundarins um skeið.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 54. fundar

Formaður las upp fundargerð 54. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Örnefnaskráningar við Breiðafjörð

Guðríður lagði fram verklagsreglur sem hún vann í samvinnu við Jónínu Hafsteinsdóttur. Ritari lagði fram þær loftmyndir sem voru tilbúnar af Múlasveit og Gufudalssveit og voru keyptar skv. samningi við Loftmyndir. Jónína sagðist reiðubúin að taka að sér að ræða við heimildarmenn og skrá inn örnefni á myndirnar frá Múlasveit og jafnvel Gufudalssveit. Sú vinna verður framlag Örnefnastofnunar skv. samningi. Nefndarmenn ræddu að nauðsynlegt væri að útvega loftmyndir af eyjum á Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Jónína taki að sér að ræða við heimildarmenn og skrá örnefni inn á loftmyndirnar. Einnig var ákveðið útvega loftmynd af Hálsi á Skógarströnd.

Umræðu um örnefnaverkefnið var frestað þar til í fundarlok.

Rögnvaldur Guðmundsson mætti kl. 11:30.

Evrópuverkefni um strandmenningu og ferðaþjónustu

Rögnvaldur Guðmundsson kynnti sig fyrir nefndarmönnum. Hann sagði frá verkefninu Northern Coastal Experience – NORCE. Verkefnið hófst í maí á þessu ári og lýkur árið 2007. Markmið þess er aðallega að stuðla að eflingu umhverfisvænnar ferðaþjónustustu á strandsvæðum á Norðurlóð. Hann sagði allar hugmyndir frá Breiðafjarðarnefnd varðandi verkefnið vel þegnar og óskaði eftir samvinnu við nefndarmenn. Rögnvaldur svaraði að lokum spurningum nefndarmanna.

Endurútgáfa verndaráætlunar Breiðafjarðar

Guðríður sagði frá því að hún hafi skoðað verndaráætlanir úr ýmsum áttum og lagði til við nefndarmenn að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð yrði sett upp með öðru móti en síðast og útskýrði breytingarnar fyrir nefndarmönnum. Verndaráætlunin yrði með þessu móti styttri og hnitmiðaðri.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Guðríður haldi áfram að móta uppsetningu verndaráætlunar, geri verklýsingu og ræði við Róbert um framhaldið. Stefnt er að því

að samningur milli Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar um vinnuna verði samþykktur á næsta fundi.

Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins

Nefndarmenn hafa haldið áfram vinnu við verklýsingu fyrir fagaðila sem mun taka að sér að setja upp verk- og kostnaðaráætlun. Erindi sem ákveðið var að senda á síðasta fundi hafa verið send út, en stuttur tími er liðinn svo ekki hafa borist svör við þeim.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu halda undirbúningsvinnu áfram.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá því að enn vanti styrktaraðila til að kosta verkefnið. Hann hafi skrifað bankastjóra KB-banka bréf og eigi eftir að ræða málið frekar við hann. Hann sagði einnig frá því að hann hafi rætt málið við Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra og Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu og að þau hafi verið jákvæð.

Afgreiðsla: Friðjón mun áfram reyna að ná sambandi við forsvarsmenn KB-banka varðandi fjármögnun verkefnisins. Þá verður beðið svars frá bankanum.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Lögð voru fram drög að stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði sem unnin voru af Gunnari Þór Hallgrímssyni og Ævari Petersen skv. samningi við Breiðafjarðarnefnd. Nefndarmenn voru sammála um að ýmis atriði í drögunum mætti laga og að eitthvað af efni vanti í skýrsluna.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu senda ritara athugasemdir sínar sem kemur þeim til Ævars.

Önnur mál

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá erindi sem hann fékk frá Skúla Alexanderssyni og Kristni Jónassyni bæjarstjóra í Snæfellsbæ, dags. 6. desember sl., þar sem þeir velta fyrir sér hvort ekki sé tímabært að vinna að því að allt Breiðafjarðarsvæðið falli undir lög um vernd Breiðafjarðar og að línan sem markar verndarsvæðið verði færð.

Afgreiðsla: Nefndarmenn tóku erindinu vel. Friðjón mun setja upp svarbréf og mun afrit af því verða sent til umhverfisráðuneytisins.

Örnefnaskráningar

Umræðu var haldið áfram um örnefnaskráningar í Múla- og Gufudalssveit (Reykholahreppi). Nefndarmenn skoðuðu loftmyndirnar af svæðinu og röðuðu saman.

Ásgeir Gunnar hringdi á fundinum í Örn Ingólfsson vegna mynda af eyjum á Breiðafirði og því svæði sem vantar inn á myndirnar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Eiríkur, Jónína og Ásgeir Gunnar færu til Loftmynda ehf. að loknum fundi og ræddu upplausn og fleiri atriði varðandi útprentunina. Guðríður og Jónína munu fullvinna verklagsreglurnar.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur verður haldinn um miðjan janúar.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2004

Innsend erindi 2004

1. 21. janúar 2004. Þörungaverksmiðjan.
Efni: Fjórar skýrslur varðandi Þörungaverksmiðjuna.
2. 20. janúar 2004. Reykhólahreppur.
Efni: Skipulagsmál. Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
3. Janúar 2004. Reynir Bergsveinsson.
Efni: Óskað eftir álitum Breiðafjarðarnefndar um áform um að útrýma minkum á tilgreindu tilraunasvæði.
4. 28. janúar 2004. Dalabyggð.
Efni: Skipulagsmál. Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
5. 10. febrúar 2004. Vottunarstofan Tún.
Efni: Bréf Breiðafjarðarnefndar, dags. 17. nóvember 2003.
6. 13. febrúar 2004. Grundarfjarðarbær.
Efni: Skipulagsmál. Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
7. 13. febrúar 2004. Vegagerðin.
Efni: Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi.
Ákvörðun um matsáæltun.
8. 2. mars 2004. Umhverfisnefnd Alþingis.
Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
9. 12. mars 2004. Umhverfisstofnun (tölvupóstur)
Efni: Sjóvarnir í Grundarfirði.
10. 29. febrúar 2004. Samgöngunefnd sveitarfélganna í Barðastrandarsýslu
(Afrít af bréfi til Skipulagsstofnunar)
Efni: Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi.
11. 26. apríl 2004. Fornleifavernd ríkisins.
Efni: Forgangsröðun verkefna á verndarsvæði Breiðafjarðar.
12. 28. apríl 2004. Saurbæjarhreppur.
Efni: Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.

13. 27. maí 2004. Náttúrustofa Vesturlands.
Efni: Hugmynd að útgáfu fræðslubæklingaraðar Breiðafjarðarnefndar.
14. 10. júní 2004. Umhverfisstofnun.
Efni: Ósk um byggingu neyðarskýlis í Garpsdalsey á Breiðafirði.
15. 21. júní 2004. Snæfellsbær
Efni: Svarbréf við ítrekun erindis, dags. 3. júní 2004.
16. 22. júní 2004. Vesturbyggð (tölvupóstur).
Efni: Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
17. 23. júní 2004. Snæfellsbær.
Efni: Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
18. 4. október 2004. Helgafellssveit.
Efni: Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
19. 13. október 2004. Stykkishólmsbær.
Efni: Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 17. desember 2003.
20. 11. nóvember 2004. Reykhólahreppur
Efni: Evrópuverkefni um strandmenningu og ferðaþjónustu.
21. 6. desember 2004. Skúli Alexandersson og Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ.
Efni: Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.
22. 15. desember 2004. Reykhólahreppur.
Efni: Örnefnaskráningar við Breiðafjörð.
23. 17. desember 2004 Fornleifastofnun Íslands
Efni: Fyrirspurn vegna erindis Breiðafjarðarnefndar.
24. 20. desember 2004. KB-banki.
Efni: Styrkumsókn vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.

Útsend erindi 2004

1. 22. janúar 2004. Skipulagsstofnun.
Efni: Vestfjarðavegur nr. 60. Bjarkalundur – Eyri, Reykhólahreppi. Umsögn um tillögu að matsáæltun.
2. 30. janúar 2004. Umhverfissráðuneytið.
Efni: Umsókn um greiðslu þóknunar vegna nefndarsetu 2003.
3. 20. febrúar 2004. Samgönguráðuneytið, menntamálaráðuneytið og umhverfissráðuneytið.
Efni: Skráning heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar.
4. 20. febrúar 2004. Reynir Bergsveinsson.
Efni: Útrýming minks.
5. 25. febrúar 2004. Fornleifavernd ríkisins.
Efni: Forgangsröðun verkefna á verndarsvæði Breiðafjarðar.
6. 20. febrúar 2004. Sveitarfélög, söfn og stofnanir við Breiðafjörð.
Efni: Skráning heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar. Hjálagt: Heimildaskrá Benedikts Eyþórssonar.
7. 20. febrúar 2004. Umhverfissráðherra, Siv Friðleifsdóttir.
Efni: Fjármál Breiðafjarðarnefndar.
8. 17. mars 2004. Umhverfisstofnun.
Efni: Sjóvarnir við Framnes-Torfabót og við Grundargötu, Grundarfirði, Eyrarsveit.
9. 26. mars 2004. Nefndasvið Alþingis.
Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
10. 2. apríl 2004. Nefndasvið Alþingis.
Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. *Sérálit Ævars Petersen.*
11. 10. ágúst 2004. Umhverfisstofnun.
Efni: Ósk um byggingu neyðarskýlis í Garpsdalsey á Breiðafirði.
12. 6. september 2004. Loftmyndir ehf.
Efni: Örnefnaskráningar við Breiðafjörð.
13. 10. september 2004. Menntamálaráðuneytið.
Efni: Tillaga Breiðafjarðarnefndar að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar.

14. 28. nóvember 2004. Skipulagsstofnun og umhverfisstofnun.
Efni: Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins.
15. 1. nóvember 2004. Forstjóri KB-banka, Hreiðar Már Sigurðsson.
Efni: Styrkumsókn vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar.
16. 1. desember 2004. ReykjavíkurAkademían, Fornleifastofnun Íslands og Fornleifafræðistofan.
Efni: Áætlaður kostnaður við fornleifaskráningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.
17. 21. desember 2004. Skúli Alexandersson og Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar.
Efni: Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar. Svar við erindi ofangreindra, dags. 6. desember 2004.
18. 21. desember 2004. Umhverfisstofnun.
Efni: Kynning á erindi Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar.
19. 23. desember 2004. ReykjavíkurAkademían, Fornleifastofnun Íslands og Fornleifafræðistofan.
Efni: Skráning fornminja á verndarsvæði Breiðafjarðar. Svar við erindi Fornleifastofnunar Íslands, dags. 17. desember 2004.